

Júlí 2019



Ársskýrsla mennta- og menningarmálaráðherra 2018

Stjórnarráð Íslands

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Efnisyfirlit

Ávarp ráðherra	3
Samantekt um starfsemi ráðuneytis	4
Rekstur og fjárfestingar	5
Málefnasvið	6
Útgjöld, staða og frávik	6
Málaflokkar	8
Árangur og ávinningur af ráðstöfun fjármuna	8
Rannsóknir, nýsköpun og þekkingargreinar Málefnasvið 7	9
Menning, listir, íþróttar- og æskulýðsmál Málefnasvið 18	10
Fjölmiðlun Málefnasvið 19	17
Framhaldsskólastig Málefnasvið 20	19
Háskólastig Málefnasvið 21	23
Önnur skólastig og stjórnarsýsla mennta- og menningarmála Málefnasvið 21	27
Yfirlit yfir ráðstöfun varasjóða	31
Frávikagreining og yfirlit yfir árslokastöðu ríkisaðila	33

Ávarp ráðherra

Íslenska þjóðarbúið stendur frammi fyrir ýmsum áskorunum um þessar mundir í tengslum við stöðu efnahagsmála. Engu að síður er staða ríkissjóðs sterk og viðnámsþróttur þjóðarbúsins meiri en oft áður. Fjármálaáætlun næstu ára ber þess merki að við ætlum að halda áfram að sækja fram af krafti og efla menntun á öllum skóla- stigum. Það á einnig við um vísindi, menningu og fjölmiðla í landinu.

Við lifum á spennandi tímum, á tímum örra breytinga og nýrra tækifæra. Hagsæld okkar til framtíðar grundvallast að miklu leyti á gæðum menntunar og á árinu 2018 hófum við fjölþætta vinnu sem tengist uppbyggingu íslensks menntakerfis til framtíðar. Þar ber einna hæst vinna við mótun nýrrar menntastefnu til ársins 2030 sem mun setja í forgang þær áskoranir sem Íslenskt samfélag stendur frammi fyrir í mennta-, atvinnu- og velferðarmálum. Undir merkjum hennar eru fjölmörg verkefni sem nú eru komin vel á veg, þar á meðal aðgerðaáætlun sem miðar að fjölgun kennara, samstarf um fjölgun nemenda í iðn- og tæknigreinum og endurskoðun aðalnámsskrár grunnskóla.

Á menningarsviðinu er horft til þess að allir landsmenn, óháð efnahag og búsetu, geti aukið lífsgæði sín með því að njóta og taka þátt í öfluglu og fjölbreyttu menningar-, lista-, íþróttu- og æskulýðsstarfi. Á árinu kynntu stjórnvöld heildstæða áætlun sem miðar að því að styrkja stöðu íslenskunnar sem opinbers máls hér á landi og tryggja að hún verði áfram notuð á öllum sviðum þjóðlífsins. Þær aðgerðir snerta meðal annars útgáfu bóka á íslensku, vitundarvakningu um tungumálið, áherslu á mikilvægi læsis og stuðning við einkarekna fjölmiðla. Þessi verkefni koma saman undir einum hatti í þingsályktunartillögu sem ég mælti fyrir á Alþingi í lok árs 2018.

Nýsköpun og hagnýting hugvits er forsenda fjölbreytts atvinnulífs, velferðar og styrkrar samkeppnisstöðu þjóða. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er lögð rík áhersla á mikilvægi rannsókna og viljann til þess að efla þær með fjölbreyttum hætti. Mikilvægur liður í því fyrir okkur Íslendinga er samstarf við vísindamenn, fyrirtæki og stofnanir erlendis. Við viljum halda áfram að skapa þekkingar- samfélag þar sem rannsóknir og nýsköpun skila sér út í samfélagið með betri menntun, betri heilsu og betri efnahag. Þannig gerum við okkur gildandi í tækni- byltingu framtíðarinnar og höldum Íslandi í fremstu röð.



Lilja Alfreðsdóttir
mennta- og menningarmálaráðherra

Samantekt um starfsemi ráðuneytis

Hlutverk mennta- og menningarmálaráðuneytisins er að stuðla að öfluggu menningarlífi og mennta- og vísindastarfsemi til að auka megi lífsgæði fólks í landinu. Stjórnarmálefni sem ráðuneytið ber ábyrgð á eru menntamál, rannsóknar- og vísindastarfsemi, listir og menningarstarf, fjölmiðlar, íþróttamál og æskulýðsstarfsemi.

Heildarstaða rekstrarfjárveitinga, þ.e. fjárveitinga ráðuneytisins á árinu 2018 auk stöðu fjárveitinga frá fyrra ári, var jákvæð á öllum málefnasviðum. Fjárveitingar til fjárfestinga höfðu safnast upp vegna seinkunar á framkvæmdum, m.a. vegna Húss Íslenskunnar. Staða varasjóða var í upphafi árs 2018 alls 181,9 m.kr. í níu varasjóðum. Í árslok var staða þeirra 491,1 m.kr. og voru nýttar alls 97,4 m.kr. úr varasjóðum á árinu.

Alls voru 110 fjárlagaliðir á ábyrgð ráðuneytisins á fjárlagaárinu 2018. Þar af voru 52 stofnanir en aðrir fjárlagaliðir, s.s. sjóðir, safnliðir og varasjóðir voru 58. Verkefnið skiptast á 16 málaflokka á sex málefnasviðum.

Hlutdeild mennta- og menningarmálaráðuneytisins af heildarútgjöldum ríkisins var um það bil 12,7 % eða 104.269,5 m.kr. árið 2018.

Í fjármálaáætlun og fjárlagafrumvarpi ársins 2018 er að finna upplýsingar um þær aðgerðir sem ráðuneytið er ábyrgt fyrir. Af þeim 55 aðgerðum sem skilgreindar voru í fjárlagafrumvarpinu og varða málaflokka ráðuneytisins var langstærstum hluta, eða 45 aðgerðum, lokið eða þær í vinnslu við lok árs.

Rekstur og fjárfestingar


Verkefni mennta- og menningarmálaráðuneytis heyrðu undir alls sex málefna- sviði á árinu 2018:

- 18 Menning, listir, íþróttá- og æskulýðsmál
- 19 Fjölmiðlun
- 20 Framhaldsskólastig
- 21 Háskólastig
- 22 Önnur skólastig og stjórnsýsla mennta- og menningarmála
- Hluti af starfsemi í málaflokki 7.1 Vísindi og samkeppnissjóðir í rannsóknum á málefnasviði 7 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar.

Vakin er athygli á því að málaflokkur 19.2 Íþróttá- og æskulýðsmál var á árinu 2018 fluttur undir málefnasviði 18 og er nú málaflokkur 18.4 Íþróttá- og æsku- lýðsmál. Í eftirfarandi umfjöllun er stuttlega gerð grein fyrir stöðu málefnasviða árið 2018 út frá málaflokkum á málefnasviðunum.

Rekstrargjöld og fjárfestingar 2018

Yfirlit yfir raunútgjöld málefnasviða sem heyra undir mennta- og menningarmálaráðherra.



Fjárhæðir í milljónum króna

Myndin sýnir fjárhagslegt umfang mennta- og menningarmálaráðuneytis eftir málefnasviðum árið 2018. Sýndur er rekstur málefnasviða ásamt fjárfestingu. Framhaldsskóla- og háskólastig voru umfangsmestu málefnasviðin í starfsemi ráðuneytisins ef horft er til útgjalda. Rúmlega 36% af heildarútgjöldum ráðuneytisins fóru til háskólastigsins og stór hluti framlaga til samkeppnissjóða í rannsóknum rann óbeint til háskóla í gegnum sjóði á því málefnasviði, sem nam 6% af heildarútgjöldum. Framlög til framhaldsskólastigsins námu rúmum 33% af heildarútgjöldum, hlutur menningar, lista, íþróttá- og æskulýðsmála var tæp 14% af heildarútgjöldum og framlög til fjölmiðla rúm 5%.

Málefнасvið

Útgjöld, staða og frávik

Upplýsingar sem hér fara á eftir sýna rekstrarniðurstöðu málaflokka, bæði innan ársins 2018 og að teknu tilliti til stöðu fjárheimilda frá fyrra árum. Í töflu 1 er að finna rekstrarútgjöld að undanskildum útgjöldum vegna fjárfestinga. Í fyrsta dálki eru raunútgjöld eða ráðstafað á árinu, þ.e. gjöld að frádragnum sértekjum sem stofnanir afla sér. Í næsta dálki eru til samanburðar sýnd áætluð útgjöld ársins en fjárveitingar taka mið af þeim áætlunum sem stofnanirnar leggja fram. Síðan er sýnt frávik raungjalda frá áætlun og hversu stórt frávikíð er hlutfallslega. **Mínustala í þessum dálkum þýðir að reksturinn var innan áætlunar en plús þýðir að halli var á rekstrinum.** Næstu tveir dálkar sýna stöðu fjárheimilda frá fyrra ári og hlutfall þeirra af raunútgjöldum yfirstandandi árs. **Plústala í þessum dálki þýðir að málaflokkurinn tekur með sér upphæðina frá fyrra ári til viðbótar við frávikíð sem myndast innan ársins.**

Rekstur án fjárfestinga – málefнасvið sundurlíðuð niður á málaflokka

Málaflokkar - rekstur	Raun	Áætlun ársins	Frávik innan ársins	Frávik	Flutt frá fyrra ári	Uppsafn frávik	Frávik
07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar	5.430	5.200	230	4,4%	1.202	-972	-15%
0710 - Vísindi og samkeppnissjóðir í rannsóknum	5.430	5.200	230	4,4%	1.202	-972	-15%
18 Menning, listir, íþróttar og æskulýðsmál	11.856	12.537	-681	-5,4%	435	-1.115	-9%
1810 - Safnamál	3.150	3.316	-166	-5,0%	107	-273	-8%
1820 - Menningarstofnanir	4.085	4.143	-58	-1,4%	204	-262	-6%
1830 - Menningarsjóðir	3.509	3.948	-439	-11,1%	111	-549	-14%
1840 - Íþróttar og æskulýðsmál	1.112	1.130	-18	-1,6%	13	-31	-3%
19 Fjölmíðlun	4.388	4.387	1	0,0%	-3	4	0%
1910 - Fjölmíðlun	4.388	4.387	1	0,0%	3	-2	0%
1920 - Íþróttar og æskulýðsmál	0	0	0		-6	6	-103%
20 Framhaldsskólastig	29.197	30.331	-1.135	-3,7%	1.196	-2.331	-7%
2010 - Framhaldsskólar	27.937	28.915	-977	-3,4%	1.178	-2.155	-7%
2020 - Tónlistarfræðsla	545	545	0	0,0%	0	0	0%
2030 - Vinnustaðanám og styrkir	200	243	-42	-17,4%	18	-60	-23%
2040 - Jöfnun námskostnaðar	513	629	-115	-18,3%	0	-115	-18%
21 Háskólastig	31.824	34.180	-2.355	-6,9%	2.356	-4.712	-13%
2110 - Háskólar	23.414	24.261	-846	-3,5%	2.192	-3.039	-11%
2120 - Rannsóknastarfsemi á háskólastigi	1.915	1.953	-38	-1,9%	167	-205	-10%
2130 - Stuðningur við námsmenn	6.494	7.966	-1.471	-18,5%	-3	-1.468	-18%
22 Önnur skólastig og stjórnálys mennta- og menn.mála	4.759	4.693	67	1,4%	77	-10	0%
2210 - Leikskóla- og grunnskólastig	287	269	18	6,6%	42	-24	-8%
2220 - Framhaldsfræðsla og menntun óflokkuð á skólastig	2.010	1.989	22	1,1%	4	18	1%
2230 - Stjórnálys mennta- og menningarmála	2.462	2.435	27	1,1%	31	-4	0%

Fjárhæðir í milljónum króna

Heildarútgjöld fyrir árið 2018 voru 87,5 mia.kr. Rekstrarfjárheimildir á tímabilinu voru alls 91,3 mia.kr. sem þýðir að staða rekstrarfjárheimilda á tímabilinu var jákvæð um 3,9 mia.kr. eða um 4,2% af útgjaldaheimildum. Heildarstaða rekstrarfjárveitinga, þ.e. fjárveitinga ársins 2018 auk stöðu fjárveitinga frá fyrra ári, er jákvæð á öllum málefnasviðum.

Samanlögð staða fjárveitinga frá árinu 2017 var jákvæð um 5,3 mia.kr. Heildarstaða fjárveitinga, þ.e. fjárveitinga ársins og fjárveitinga frá fyrri árum, var jákvæð um 9,1 mia.kr. Af 52 stofnunum ráðuneytisins voru 43 þeirra með jákvæða stöðu fjárveitinga í lok árs 2018.

Fjárfestingar – málefnasvið sundurliðuð niður á málaflokka

Málaflokkar	Ráðstafað á árinu	Til ráðstöfunar á árinu	Ónýtt heimild frá fyrra ári	Óráðstafað í árslok
0710 - Vísindi og samkeppnissjóðir í rannsóknnum	0	18	0	18
1810 - Safnamál	303	120	188	13
1820 - Menningarstofnanir	74	127	31	84
1830 - Menningarsjóðir	0	18	157	174
1910 - Fjölmíðlun	1	0	0	0
2010 - Framhaldsskólar	369	610	957	1.205
2110 - Háskólar	1.323	1.262	-705	664
2120 - Rannsóknastarfsemi á háskólastigi	64	107	0	51
2220 - Framhaldsfræðsla og menntun óflokkuð á skólastigi	1	3	0	2
2230 - Stjórnsýsla mennta- og menningarmála	19	18	0	-1

Fjárhæðir í milljónum króna

Tafla 2 sýnir fjárfestingarframlög í m.kr., bæði innan ársins 2018 og að teknu tilliti til stöðu fjárheimilda frá fyrri árum. Í fyrsta dálki eru raunútgjöld eða ráðstafað á árinu. Í næsta dálki er til samanburðar sýnt hvað var til ráðstöfunar á árinu. Síðan eru birtar upplýsingar um ónýttar fjárheimildir og loks hverju er óráðstafað í árslok 2018.

Málaflokkar

Árangur og ávinningur af ráðstöfun fjármuna

Um fjöllun er kaflaskipt eftir málaflokkum á þeim málefnasviðum sem mennta- og menningarmálaráðherra hefur forræði yfir. Uppbygging þeirra er sambærileg þar sem fram koma markmið úr fjármálaáætlun 2018-2022, viðmið og árangur er birtur og tíundaðar þær aðgerðir sem helst voru taldar stuðla að framgangi viðkomandi markmiða á árinu.

Frá því fjárlög 2018 voru samþykkt á Alþingi hafa markmið og mælikvarðar breyst, eftir atvikum. Breytingarnar má sjá í greinargerðum með fjármálaáætlunum 2019-2023 og 2020-2024 og fjárlögum 2019.

Yfirlit yfir stöðu aðgerða í árslok 2018

Í fjárlögum 2018 voru alls 55 aðgerðir skilgreindar til framkvæmda í mennta- og menningarmálaráðuneytinu, sumar þeirra ná yfir eitthvert árabíl. Af þeim tókst að ljúka eða hefja vinnslu á 45 aðgerðarhlutum sem fara átti í á árinu 2018. Átta aðgerðarhlutar ársins 2018 voru í undirbúningi en tveir voru ekki hafnir.

Málaflokkar	Staða og fjöldi aðgerða					Samt.
7.1 Vísindi og samkeppnissjóðir í rannsóknum				1	3	4
18.1 Safnamál	1		2		3	6
18.2 Menningarstofnanir	1	2	1			4
18.3 Menningarsjóðir	1		3		1	5
18.4 Íþróttá- og æskulýðsmál	2				3	5
19.1 Fjölmiðlun	1				1	2
20.1 Framhaldsskólar	1	1	6			8
21.1 Háskólar	1	2	1		3	7
21.2 Rannsóknarstarfsemi á háskólastigi	1					1
21.3 Stuðningur við námsmenn			1			1
22.1 Leikskóla- og grunnskólastig		2	2		3	7
22.2 Framhaldsfræðsla og menntun óflokkuð á skólastig		1				1
22.3 Stjórnýsla mennta- og menningarmála	1	2	1			4
Samtals aðgerðir	2	8	10	18	17	

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

Rannsóknir, nýsköpun og þekkingargreinar

Málefna svið 7

Vísindi og samkeppnissjóðir í rannsóknum

Í fjárlögum ársins 2018 var skilgreint eitt markmið fyrir málaflokk 7.1 *Vísindi og samkeppnissjóðir í rannsóknum*. Eftirfarandi markmið málaflokksins miðar að alþjóðlega samkeppnishæfu umhverfi rannsókna og nýsköpunar þar sem áhersla er lögð á gæði, gagnsæi, alþjóðasamstarf og árangur.

MARKMIÐ 1

Fjármögnun rannsókna styðji við gæði, árangur og verðmætasköpun

Mælikvarðar	Staða 2016	Viðmið 2018	Árangur 2018
Árangurshlutfall umsókna í rannsóknar- og nýsköpunaráætlun ESB.	Árangursvísir ekki til	Fer eftir stöðu 2016	2014-2017: 18,1%
Rannsóknir sem fjármagnaðar eru úr samkeppnissjóðum: Hlutfall birtra niðurstaðna í opnum aðgangi.	Árangursvísir ekki til	Fer eftir stöðu 2016	Horfið frá notkun mælikvarða*

* Unnið er að þróun nýs mælikvarða.

Aðgerðir 2018

Framkvæmt 2018

Tímabil

Skilgreina, í víðtæku samráði, samfélagslegar áskoranir sem Ísland stendur frammi fyrir, sbr. aðgerð 1 í Stefnu og aðgerðaráætlun Vísinda- og tækniráðs 2017-2019. Á grundvelli vinnunnar verða skilgreind 3-5 áherslusvið þar sem þverfaglegt samstarf um rannsóknir og nýsköpun verður eflt, með þátttöku háskóla, rannsóknarstofnana og fyrirtækja, einkum með markáætlunum og í gegnum erlent samstarf.

Þrjú áherslusvið voru skilgreind í samráði við almenning og hagsmunaaðila: a) umhverfi og sjálfbærni, b) heilsa og velferð og c) líf og störf í heimi breytinga.

2018-2019

Hrinda í framkvæmd Markáætlun til að efla stöðu íslenskrar tungu í tölum og tækni, sbr. aðgerð 2 í Stefnu og aðgerðaráætlun Vísinda- og tækniráðs 2017-2019. Miðar aðgerðin að því að íslenska verði fullgild í stafrænum heimi, sbr. stjórnarsáttmála.

Markáætlun um tungu og tækni hrint í framkvæmd í samræmi við áætlun.

2018

Gera breytingu á lagaumhverfi Vísinda- og tækniráðs til að auka skilvirkni ráðsins og sjóða er því tengjast. Í fyrri áfanga verða gerðar nauðsynlegar breytingar á lögum m.a. til að efla möguleika á þátttöku Íslands í alþjóðlegum rannsóknaráætlunum. Í seinni áfanga verður unnið að víðtækari stefnumótun á sviðinu í samráði við hagsmunaaðila.

Unnið að breytingum á lögum um opinberan stuðning við vísindarannsóknir nr. 3/2003 (fyrri áfangi). Vinna við breytingar á lagaumhverfi Vísinda- og tækniráðs er á ábyrgð forsætisráðherra sem skipaði verkefnahóp í nóvember 2018 (seinni áfangi).

2018

Vinna vegvísí um rannsóknarinnviði í samræmi við aðgerð 9 í Stefnu og aðgerðaráætlun Vísinda- og tækniráðs 2017-2019, sbr. stjórnarsáttmála.

Gerð skýrsla um kortlagningu á rannsóknarinnviðum. Unnið að skýrslu um fyrirkomulag vegvísí. Unnið að frumvarpi til breytinga á lögum nr. 3/2003 um opinberan stuðning við vísindarannsóknir. Einnig var unnið að gerð frumvarps um samtök um evrópska rannsóknarinnviði sem liggur fyrir Alþingi. Frumvörpin tvö eru liður í gerð vegvísí.

2018

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

Menning, listir, íþróttar- og æskulýðsmál

Málefnasvið 18

Meginhluti starfsemi á málefnasviðinu var á ábyrgð ráðuneytisins en verkefni voru einnig á hendi forsætisráðuneytisins.

Safnamál

Í fjárlögum ársins 2018 voru skilgreind þrjú markmið fyrir málaflokk 18.1 Safnamál. Eftirfarandi markmið málaflokksins miða að því að auðvelda öllum landsmönnum, konum og körlum, að njóta menningar og lista og jafna og bæta aðstöðu til menningar- og listastarfsemi í landinu. Jafnframt að stuðla að verndun menningar- og náttúruminja og menningararfleifðar þjóðarinnar fyrir komandi kynslóðir og tryggja jafnvægi verndunar og aðgengis fyrir almenning að menningararfinum.

1. Bæta aðgengi að og miðlun á menningu og listum.
2. Efla vernd á menningararfi þjóðarinnar í samræmi við alþjóðlegar kröfur.
3. Efla rannsóknir og skráningu.

MARKMIÐ 1

Bæta aðgengi að og miðlun á menningu og listum

Mælikvarðar	Staða 2016	Viðmið 2018	Árangur 2018
Fjöldi heimsókna í söfn landsins.	1.700.000	2.000.000	2.000.000
Hlutfall safneigna á stafrænu formi.	6%	9%	Upplýsingar liggja ekki fyrir.*

* Fyrirhugað er að skilgreina mælikvarða nákvæmar.

Aðgerðir 2018	Framkvæmt 2018	Tímabil
Stuðla að auknu samstarfi eða sameiningu safna í samráði við hagsmunaaðila og gera nauðsynlegar lagabreytingar til þess.	Til skoðunar er að sameina Hljóðbókasafn Íslands og Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn.	2017-2019
Stuðla að betra aðgengi að náttúruarfi þjóðarinnar með uppbyggingu sýningaraðstöðu náttúruminja. Náttúruminjasafn Íslands styrkt til að opna eigin sýningu í Perlunni í samræmi við stjórnarsáttmála.	Fyrsta sýning Náttúruminjasafns Íslands í Perlunni var opnuð 1. des. 2018. Jafnframt var unnið að frekari undirbúningi að eflingu safnsins til framtíðar.	2018
Skilgreina árangursvísa um framboð menningar-sögulegs efnis á stafrænu formi og setja viðmið. Unnið er úr niðurstöðum skýrslu um varðveislu menningar-arfleifðar á rafrænu formi frá júní 2017.	Starfshópur um gerð áætlunar um stafræna endurgerð íslensks prentmál skilaði skýrslu í desember 2018.	2017-2019

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

MARKMIÐ 2

Efla vernd á menningararfi þjóðarinnar í samræmi við alþjóðlegar kröfur

Mælikvarðar	Staða 2016	Viðmið 2018	Árangur 2018
Staðfestar öryggis- og neyðaráætlanir safna.	45	46	45

Aðgerðir 2018	Framkvæmt 2018	Tímabil
Greina stöðu og þarfir fyrir húsnæði og búnað og gera áætlun um uppbyggingu.	Sýningaraðstaða fyrir Náttúruminjasafn Íslands tekin í notkun og búnaður keyptur til sýningarhalds. Fundið nýtt geymsluhúsnæði til bráðabirgða fyrir Listasafn Íslands. Þjóðskjalasafnið aðstoðað við að nýta húsnæði betur vegna húsnæðisskorts. Undirritað samkomulag við Fljótshérað og sveitarfélagið Skagafjörð um stuðning til uppbyggingar menningarhúsa.	2017-2019
Styrkja skráningu safnmuna í Sarp með markvissum áherslum í úthlutun sjóða.	Aukin áhersla á verkefni tengd skráningum á safnmunum við úthlutun úr safnasjóði og fornminjasjóði.	2017-2019

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

MARKMIÐ 3

Efla vernd á menningararfi þjóðarinnar í samræmi við alþjóðlegar kröfur

Mælikvarðar	Staða 2016	Viðmið 2018	Árangur 2018
Skráningar í Sarp.	1.301.498	1.351.498	1.694.528
Skil gagna og muna úr rannsóknum 1990-2015 til lögbundinna vörsluaðila.	2015: Allir gripir úr 99 rannsóknum, hluti gripa úr 25 rannsóknum. Gripir úr 48 rannsóknum eru geymdir hjá rannsóknaraðilum.	Skil úr eldri rannsóknum verði 75-80%. Skil á gögnum tímabilið 2015-2016 verði ekki lægra en 40%.	Heildarfjöldi gripánúmera 1990-2015 er 103.412 og eru 73,3% gripa/gagna skilað.

Aðgerð 2018	Framkvæmt 2018	Tímabil
Styrkja sjálfstæðar rannsóknir safna.	Aukin áhersla á að styrkja sjálfstæðar rannsóknir safna við úthlutun úr safnasjóði.	2017-2020

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

Menningarstofnanir

Í fjárlögum ársins 2018 var skilgreint eitt markmið fyrir málaflokk 18.2 Menningarstofnanir. Eftirfarandi markmið málaflokksins miðar að því að auðvelda öllum landsmönnum, konum og körlum, að njóta menningar og lista og jafna og bæta aðstöðu til menningar- og listastarfsemi í landinu. Jafnframt að stuðla að verndun menningar- og náttúruminja og menningararfleifðar þjóðarinnar fyrir komandi kynslóðir og tryggja jafnvægi verndunar og aðgengis fyrir almenning að menningararfinum.

MARKMIÐ 1

Bæta verndun og aðgengi að menningu og listum

Mælikvarðar	Staða 2016	Viðmið 2018	Árangur 2018
Ánægjuvög: Upplýsingar um notkun á og gæði þeirrar þjónustu sem borgararnir sækja.	Upplýsingar liggja ekki fyrir	Mælikvarði skilgreindur	Horfið frá notkun mælikvarða*
Fjöldi rannsókna, friðlýstra og aldursfriðaðra húsa og friðlýstra fornleifa.	3.679	4.086	Mælikvarða breytt**
Fjöldi skipulagðra viðburða fyrir börn og ungmenni og „List fyrir alla“ (greind eftir búsetu).	Upplýsingar um fjölda skipulagðra viðburða liggja ekki fyrir. List fyrir alla: Höfuðborgarsvæði: 14 skólar, 1.210 nemendur. Landsbyggð: 66 skólar, 4.031 nemandi.	Mælikvarði fyrir fjölda skipulagðra viðburða skilgreindur. List fyrir alla: Höfuðborgarsvæði: Aukning um 20%. Landsbyggð: Aukning um 20%.	Mælikvarða breytt**

* Leitað hefur verið samstarfs við Hagstofu Íslands um að skilgreina mælikvarða til notkunar við könnun á menningarneyslu Íslendinga.

** Mælikvarði var endurskilgreindur þannig að hann mæli betur árangur af markmiðasetningu.

Aðgerðir 2018	Framkvæmt 2018	Tímabil
Verkefnahópur mun greina stöðu og fram-tíðarþörf menningarstofnana fyrir húsnæði og búnað. Í framhaldi verður gerð áætlun um uppbyggingu.	Aðgerðir hafnar vegna forgangsverkefna, verkefnahópur óskipaður.	2017-2020
Útfæra og hrinda í framkvæmd könnun (ánægjuvög) á nýtingu þeirrar þjónustu sem sótt er til menningarstofnana.	Unnið að skilgreiningu nýrra mælikvarða í samstarfi við Hagstofu Íslands.	2017-2018
Þjóða upp á listviðburði í grunnskólum og menningarhúsum víða um land.	Ákveðið að verkefnið yrði styrkt af byggðaáætlun. Áframhaldandi útbreiðsla „List fyrir alla“ um land allt.	2017-2020
Verkefnahópur mun afla upplýsinga og skilgreina árangursvísa og setja viðmið í samræði við stofnanir og hagsmunaaðila. Í framhaldi verða tillögur lagðar fyrir ráðherra.	Undirbúningur að formlegu samstarfi við Hagstofuna um söfnun hagtalna.	2017-2018

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

Menningarsjóðir

Úthlutun á fjárveitingum í gegnum sjóði eða samninga vegna stuðnings við einstök verkefni miða að því að auðvelda öllum landsmönnum, konum og körlum, að njóta menningar og lista og jafna og bæta aðstöðu til menningar- og listastarfsemi í landinu. Jafnframt að stuðla að verndun menningar- og náttúruminja og menningararfleifðar þjóðarinnar fyrir komandi kynslóðir og tryggja jafnvægi verndunar og aðgengis fyrir almenning að menningararfinum. Í fjárlögum ársins 2018 voru skilgreind þrjú markmið fyrir málaflökk 18.3 Menningarsjóðir.

1. Efla stöðu íslenskrar tungu í samfélaginu.
2. Skapa betri skilyrði fyrir fjölbreytni, nýsköpun og frumkvæði í íslenskum listum og menningu.
3. Efla íslenska kvikmyndagerð og kvikmyndamenningu.

MARKMIÐ 1

Efla stöðu íslenskrar tungu í samfélaginu

Mælikvarðar	Staða 2016	Viðmið 2018	Árangur 2018
Fjöldi sjóða.	15	Viðmið skilgreind	17
Úthlutanir úr sjóðum til ungra umsækjenda.	Upplýsingar liggja ekki fyrir	Viðmið skilgreind	Upplýsingar liggja ekki fyrir
Kynjahlutföll úthlutana úr sjóðum.	Upplýsingar liggja ekki fyrir	Viðmið skilgreind	Horfið frá notkun mælikvarða*

* Ákveðið að þróa mælikvarða þannig að hann mæli betur árangur af markmiðasetningu.

Aðgerð 2018	Framkvæmt 2018	Tímabil
Byggja upp innviði íslenskrar máltækni í opnum aðgangi þannig að íslenska verði fullgild í stafrænum heimi í samræmi við stjórnarsáttmála. Fyrir liggur verkáætlun fyrir íslensku 2018-2022, þar sem lögð er áhersla á uppbyggingu innviða, nýsköpun í máltækni og samstarf og klasamyndun.	Unnið að undirbúningi þingsályktunartillögu um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi. Samningur gerður við sjálfeignarstofnunina Almennaróm um að framfylgja verkáætlun um máltækni. Barna- og ungmennabókasjóður settur á laggirnar. Vitundarvakning um mikilvægi íslenskunnar - Áfram íslenska.	2017-2022

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

MARKMIÐ 2

Skapa betri skilyrði fyrir fjölbreytni, nýsköpun og frumkvæði í íslenskum listum og menningu

Mælikvarðar	Staða 2016	Viðmið 2018	Árangur 2018
Fjöldi styrktra máltækniverkefna.	4	8	Horfið frá notkun mælikvarða*

*Ákveðið að þróa mælikvarða þannig að hann mæli betur árangur af markmiðasetningu.

Aðgerðir 2018	Framkvæmt 2018	Tímabil
Einvalda sjóða- og stuðningskerfi menningar og lista í því skyni að styrkja áfram faglega starfslauna- og verkefnasjóði listamanna í samræmi við stjórnarsáttmála. Starfshópi um bókmenningarstefnu falið að skoða íslenska bókaútgáfu og aðstæður hennar.	Skýrslu um bókmenningarstefnu skilað til ráðherra. Frumvarp til laga um stuðning við útgáfu bóka á íslensku lagt fram á Alþingi og samþykkt.	2017-2022
Verkefnahópur um að afla upplýsinga og móta stefnu um skiptingu framlaga til sjóða. Í framhaldi verða tillögur lagðar fyrir ráðherra.	Undirbúningsvinna hafin.	2017-2018
Gera áætlun um málrækt og stuðning við notkun íslensku á öllum sviðum.	Aðgerðin varð hluti af vinnu við þingsályktunartillögu um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi, sjá framkvæmd við markmið 1 hér að ofan.	2017-2019

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

MARKMIÐ 3

Efla íslenska kvikmyndagerð og kvikmyndamenningu

Mælikvarðar	Staða 2016	Viðmið 2018	Árangur 2018
Hlutfall styrkja og umsókna.	Upplýsingar liggja ekki fyrir	Viðmið skilgreind	Horfið frá notkun mælikvarða*
Kynjahlutfall úthlutana úr kvikmyndasjóðum.	Upplýsingar liggja ekki fyrir	Viðmið skilgreind	Horfið frá notkun mælikvarða*

* Ákveðið að þróa mælikvarða þannig að hann mæli betur árangur af markmiðasetningu

Aðgerð 2018	Framkvæmt 2018	Tímabil
Hafinn undirbúningur að endurskoðun á heildarstuðningi ríkisins við kvikmyndagerð.	Undirbúningi að endurskoðun lokið	2017-2019

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

Íþróttta- og æskulýðsmál

Í fjárlögum ársins 2018 voru skilgreind tvö markmið fyrir málaflokk 18.4 Íþróttta- og æskulýðsmál. Eftirfarandi markmið málaflokksins miða að því að gera öllum landsmönnum, konum og körlum, kleift að taka þátt í íþróttta- og æskulýðsstarfi eftir áhugasviði hvers og eins, og efla lífsgæði fólks.

1. Bæta umgjörð og auka gæði í skipulögðu íþróttta- og æskulýðsstarfi.
2. Efla umgjörð og stuðning við afreksíþróttafólk.

MARKMIÐ 1

Bæta umgjörð og auka gæði í skipulögðu íþróttta- og æskulýðsstarfi

Mælikvarðar	Staða 2016	Viðmið 2018	Árangur 2018
Fjöldi skráðra iðkenda í skipulögðu íþróttastarfi.	2015: 93.514	95.000	2017: 94.633
Fjöldi skráðra skáta og fjöldi skráðra þátttakenda í barna- og unglíngastarfi KFUM og KFUK.	2016: 2.174 skátar og 938 þátttakendur hjá KFUM og KFUK	2.280 skátar og 1.100 þátttakendur hjá KFUM og KFUK	Mælikvarða breytt*
Leiðtogaþjálfun skáta, leiðtogaþjálfun KFUM og KFUK og fjöldi á námskeiðum ÍSÍ.	2016: 272 í þjálfun skáta, 103 í þjálfun KFUM og KFUK og 113 á námskeiðum ÍSÍ	285 í þjálfun skáta, 135 í þjálfun KFUM og KFUK og 125 á námskeiðum ÍSÍ	Mælikvarða breytt**

* Mælikvarða breytt til að sýna betur árangur af markmiðasetningu fyrir skipulagt barna- og unglíngastarf 6-18 ára.

** Þátttaka í námskeiðum aðskilin frá fjölda iðkenda.



Aðgerðir 2018	Framkvæmt 2018	Tímabil
Íþróttasamtök skili reglulega tölum um iðkendur í skipulögðu íþróttastarfi. Ráðuneytið fær árlega upplýsingar frá ÍSÍ.	 Ráðuneytið fær nú árlegar tölur.	2017-2022
Æskulýðsfélög skili reglulega tölum um þátttakendur og fjölda á leiðtoganámskeiðum. Ráðuneytið fær árlega upplýsingar frá æskulýðsfélögum.	 Ráðuneytið fær nú árlegar tölur.	2017-2022
Verkefnahópur mun afla upplýsinga, skilgreina árangursvísa og setja viðmið í samráði við hagsmunaaðila. Í framhaldi verða tillögur lagðar fyrir ráðherra.	 Frumvarp lagt fram um samskiptaráðgjafa vegna yfirlýsinga íþróttakvenna í tengslum við #églíka-byltinguna.	2018

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

MARKMIÐ 2

Efla umgjörð og stuðning við afreksíþróttafólk

Mælikvarðar	Staða 2016	Viðmið 2018	Árangur 2018
Meðaltal íþróttamanna á Ólympíuleikum og lokamótum alþjóðlegra stórmóta	2014-2016: 676	2015-2016: 680	2018: 204

Aðgerðir 2018	Framkvæmt 2018	Tímabil
Gera lyfjæftirlit að sjálfstæðri einingu.	 Sjálfseignarstofnunin Lyfjæftirlit Íslands sett á laggirnar	2018
Vinna að uppbyggingu þjóðarleikvangs í Laugardal, sbr. stjórnarsáttmála.	 Reglugerð um þjóðarleikvanga tók gildi og unnið er að framgangi þjóðarleikvangs í Laugardal.	2018

 Aðgerð ekki hafin
  Undirbúningur hafinn
  Aðgerð hafin
  Aðgerð komin vel á veg
  Aðgerð lokið

Fjölmiðlun Málefna svið 19

Fjölmiðlun

Í fjárlögum ársins 2018 voru skilgreind tvö markmið fyrir málaflokk 19.1 Fjölmiðlun. Eftirfarandi markmið málaflokksins miða að því að stuðla að tjáningarfrelsi, rétti til upplýsinga, fjölmiðlalæsi, fjölbreytni og fjölræði í fjölmiðlum sem og að efla vernd neytenda á þeim vettvangi.

1. Auka fjölbreytni og fjölræði á fjölmiðlamarkaði.
2. Auka innlenda dagskrárgerð og framboð af íslensku barna- og menningarefni.

MARKMIÐ 1

Auka fjölbreytni og fjölræði á fjölmiðlamarkaði

Mælikvarðar	Staða 2016	Viðmið 2018	Árangur 2018
Dreifing eignaraðildar, þ.e. fjöldi skráningaraðila og leyfishafa.	2016: 100	Óbreytt eða aukning	Óbreytt
Tegundir fjölmiðlunar.	2016: 23 myndmiðlar, 23 hljóðmiðlar, 81 vefmiðill og 66 prentmiðlar	Óbreytt eða aukning	Óbreytt
Kynjahlutfall viðmælenda og starfsmanna í fjölmiðlum.	2014: Viðmælendur: 67% karlar og 33% konur. Starfsmenn: 59,4% karlar og 40,6% konur.	Viðmælendur: 65% karlar og 35% konur. Starfsmenn: 58% karlar og 42% konur.	Upplýsingar liggja ekki fyrir*

* Ekki hefur verið unnt að gera nauðsynlegar úttektir á kynjahlutfalli viðmælenda og starfsmanna.

Aðgerð 2018	Framkvæmt 2018	Tímabil
Einvalda stjórnarsýslu fjölmiðlanefndar með breytingu á fjölmiðlalögum nr. 38/2011.	Undirbúningur hafinn	2018-2019

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

MARKMIÐ 2

Auka innlenda dagskrárgerð og framboð af íslensku barna- og menningarefni

Mælikvarðar	Staða 2016	Viðmið 2018	Árangur 2018
Hlutfall innlendra dagskrárgerðar í Ríkisútvarpinu – sjónvarpi.	45%	47%	50%
Innlent sjónvarpsefni í Ríkisútvarpinu framleitt af eða samframleitt með sjálfstæðum framleiðendum.	8%	10%	10%

Aðgerð 2018	Framkvæmt 2018	Tímabil
Auka meðframleiðslu, framleiðslu og kaup Ríkisútvarpsins ohf. á íslensku barna- og menningarefni og innlendu efni frá sjálfstæðum framleiðendum.	Öllum tölulegum markmiðum skv. þjónustusamningi við Ríkisútvarpið ohf. náð.	2018-2019

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

Framhaldsskólastig Málefnasvið 20

Framhaldsskólar

Í fjárlögum ársins 2018 voru skilgreind þrjú markmið fyrir málaflokk 20.1 Framhaldsskólar. Eftirfarandi markmið málaflokksins miða að því að fleiri og yngri nemendur ljúki starfsnámi sem skili þeim vel undirbúnum undir fjölbreytt störf í atvinnulífinu og áframhaldandi nám.

1. Fleiri nemendur ljúki prófi úr framhaldsskóla á tilskildum tíma.
2. Nemendur í öllum landshlutum hafi aðgengi að fjölbreyttu bók- og starfsnámi sem uppfyllir kröfur næsta skólastigs og/eða atvinnulífs.
3. Nemendum bjóðist heildstætt og markvisst starfsnám.

MARKMIÐ 1

Fleiri nemendur ljúki prófi úr framhaldsskóla á tilskildum tíma

Mælikvarðar	Staða 2016	Viðmið 2018	Árangur 2018
Hlutfall nemenda sem eru brautskráðir af bóknáms- og starfsnámsbrautum með námslok á 2. og 3. hæfniprepi.	2011: 44%	55%	2016: 52%
Hlutfall nemenda sem hverfa brott úr námi innan tilskilins námstíma.	2011: 30%	<25%	2016: 26,4%
Meðalnámstími á námsleiðum til stúdentsprófs, frá innritun nýnema til brautskráningar.	2013: 4,2 ár	Meðalnámstíminn verði styttri en 2013	Mælikvarða breytt*

* Mælikvarði var endurskilgreindur þannig að hann mæli betur árangur af markmiðasetningu.

Aðgerð 2018	Framkvæmt 2018	Tímabil
Gera aðgerðaáætlun til að sporna gegn brotthvarfi á grundvelli niðurstaðna úr skimunum meðal nýnema. Útbúnaðar verða upplýsingar sem geta nýst öllum framhaldsskólum.	Aðgerðaáætlun og upplýsingaefni í vinnslu.	2015-2018

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

MARKMIÐ 2

Nemendur í öllum landshlutum hafi aðgengi að fjölbreyttu bók- og starfsnámi sem uppfyllir kröfur næsta skólastigs/og eða atvinnulífs

Mælikvarðar	Staða 2016	Viðmið 2018	Árangur 2018
Hlutfall brautskráðra nemenda í löggiltu iðnnámi sem lýkur með sveinsprófi, eftir landshlutum.	2013: 9% á landsvísu	<10%	Mælikvarða breytt*
Hlutfall kennara með sérhæfingu á því greinasviði sem þeir kenna, eftir landshlutum.	Staðan verður reiknuð fyrir árið 2016 og í framhaldi skilgreind viðmið.	Fer eftir stöðu 2016	Horfið frá notkun mælikvarða**
Kyngreint hlutfall nýnema í háskólum af heildarfjölda stúdenta, yngri en 25 ára, eftir landshlutum.	2013: 93% á landsvísu	94%	2017: 86,1%

* Mælikvarði var endurskilgreindur þannig að hann mæli betur árangur af markmiðasetningu.

** Horfið var frá notkun mælikvarða um hlutfall kennara með sérhæfingu.

Aðgerðir 2018	Framkvæmt 2018	Tímabil
Innleiða og þróa áfram reiknilíkan framhaldsskóla. Liður í því er að veita sérstakt útskriftarframlag og þjónustuframlag. Útskriftarframlagi er ætlað að hvetja til þess að fleiri nemendur í framhaldsskóla útskrifist á tilsettum tíma. Þjónustuframlagi er ætlað að styðja betur við nemendur í brotthvarfshættu.	Unnið að þróun á þjónustuframlagi líkansins og náms- og kennsluhluti tilbúinn til notkunar.	2017-2019
Kortleggja framhaldsskóla: Gera ítarlega greiningu á stöðu og þróun þeirra um land allt. Lykiltölur verða skilgreindar, ákveðið hvernig þeim verði safnað til framtíðar og tillögur gerðar um þróun framhaldsskólakerfisins. Lögð verður áhersla á aukin gæði náms og þjónustu, skilvirkari starfsemi og hagkvæmari rekstur framhaldsskóla landsins.	Lykiltölur hafa verið skilgreindar. Reglubundin mæling er hafin á tveimur þeirra: Árlegu brotthvarfi nýnema og tilfærslu nýnema milli skóla en söfnun annarra lykiltalna er í þróun.	2017-2018
Stuðla að samvinnu framhaldsskóla um heildstætt og fjölbreytt námsframboð, stoðþjónustu og stjórnsýslu.	Fundir voru haldnir með skólameisturum um námsbrautalýsingar, brotthvarf, þjónustu við nýbúa og áhrif reiknilíkans.	2017-2019

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

MARKMIÐ 3

Nemendum bjóðist heildstætt og markvisst starfsnám

Mælikvarðar	Staða 2016	Viðmið 2018	Árangur 2018
Fjöldi staðfesta starfsnámsbrauta á 2., 3. og 4. hæfniþrepi, flokkaðar á 12 starfssvið.	2017: 9 staðfestar á 2 starfssviðum	Staðfestar brautir á öllum 12 starfssviðum	50 staðfestar á 9 starfssviðum
Fjöldi rafrænna ferilbóka í starfsnámi.	2016: 0	5	0*
Hlutfall nemenda á námssamningi af fjölda nemenda í löggiltu iðnnámi, greint eftir kyni.	2014: 65%	66%	Horfið var frá notkun mælikvarða**

* Fjölgun rafrænna ferilbóka hefur gengið hægar en gert var ráð fyrir vegna ríkrar áherslu á aðkomu hagsmunaaðila.

** Mælikvarði um hlutfall nemenda á námssamningi var felldur brott.

Aðgerðir 2018	Framkvæmt 2018	Tímabil
Átak í staðfestingu námsbrautalýsinga í þeim tilgangi að allir nemendur stundi nám á staðfestum námsbrautum. Það er liður í því að auka gæði náms og þjónustu. Lögð er áhersla á að ekki síðar en frá og með haustönn 2018 útskrifist framhaldsskólanemendur, sem stunda nám í löggiltu starfsnámi, einungis af staðfestri námsbraut og ekki síðar en haustið 2019 útskrifist allir nemendur í bóknámi af staðfestri námsbraut. Hið fyrrnefnda er liður í eflingu iðnnáms og verk- og starfsnáms í samræmi við stjórnarsáttmála.	Samskipti meðal framkvæmdaaðila voru virkari en áður og reglulega var fundað um að stytta undanfara staðfestingar og stytta tíma sem fer í umsagnir og leiðréttingar. Aðilarnir rýndu einnig vandamál sem tengjast einingum á starfsnámsbrautum.	2017-2018
Skipuleggja og innleiða rafrænar ferilbækur í starfsnámi, í samráði við hagsmunaaðila, í þeim tilgangi að efla iðnnám og verk- og starfsnám í samræmi við stjórnarsáttmála.	Stýrihópur og verkefnihópur um þróun og innleiðingu rafrænnar ferilbókar fundaði með ýmsum hagsmunaaðilum, þarfagreining var gerð og er forritun langt komin.	2017-2020
Efla stjórnslu starfsmenntunar, í því skyni að efla iðnnám og verk- og starfsnám í samræmi við stjórnarsáttmála. Unnin verður stöðugreining í samvinnu við haghafa á núverandi skipulagi og framkvæmd á vinnustaðanámssjóði. Á grundvelli stöðugreiningar verða gerðar tillögur til ráðherra.	Haldnir voru fundir með hagsmunaaðilum og stöðuskýrsla unnin. Stöðugreining á vinnustaðanámssjóði hófst.	2017-2022
Endurskoða lög um framhaldsskóla nr. 92/2008 og tilheyrandi reglugerðir, m.a. vegna laga um opinber fjármál nr. 123/2015 og niðurstaðna úr aðgerðum um átak í staðfestingu námsbrautalýsinga og skipulagi og innleiðingu á rafrænum ferilbókum í starfsnámi.	Unnið að verkefni er snýr að eflingu stjórnslu starfsmenntunar, rafrænni ferilbók og stöðugreiningu á vinnustaðanámssjóði og verða lög endurskoðuð þegar niðurstöður þess liggja fyrir.	2018

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

Tónlistarfræðsla

Um málaflökkinn gilda lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985. Þau taka til tónlistarskóla sem reknir eru af sveitarfélögum og annarra sem njóta styrks skv. lögnum. Ríki og sveitarfélög hafa gert samkomulag um fjárhagslegan stuðning ríkisins við tónlistarnám á vegum sveitarfélaga á framhaldsstigi í hljóðfæraleik og mið- og framhaldsstigi í söng.

Gildistími samkomulagsins var 1. janúar 2016 til 31. desember 2018 og áætlað var að endurskoða samkomulagið á árinu 2018. Nýtt samkomulag var undirritað í desember 2018 með gildistíma 1. janúar 2019 til 31. desember 2021. Samráðsnefnd var skipuð til að fylgjast með framkvæmd samkomulagsins.

Annars er eðli málaflöksins með þeim hætti að markmið og aðgerðir í málaflökki 20.1 Framhaldsskólar eru að hluta til leiðandi fyrir málaflökkinn.

Vinnustaðanám og styrkir

Undir málaflokkinn falla lög um vinnustaðanámssjóð nr. 71/2012. Styrkir eru veittir til fyrirtækja og stofnana vegna vinnustaðanáms og starfsþjálfunar sem er skilgreindur hluti af starfsnámi samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla. Styrkjunum er ætlað að auðvelda nemendum að ljúka starfsnámi og koma til móts við kostnað fyrirtækja og stofnana á vinnustað. Áhersla er lögð á að úthlutanir úr sjóðnum stuðli að fleira sérhæfðu starfsfólki á vinnumarkaði og samkeppnishæfara atvinnulífi. Er þetta í samræmi við áherslu stjórnvalda um að efla iðnnám og verk- og starfsnám, sbr. stjórnarsáttmála.

Stefnt var að því að skoða starfsemi og úthlutanir úr sjóðnum á árinu 2018, m.a. út frá markmiði í málaflokki 20.1 Framhaldsskólar, um að nemendum bjóðist heildstætt og markvisst starfsnám, aðgerðum um eflingu stjórnsýslu starfsmenntunar og með gagnsæi í huga. Stöðugreining á vinnustaðanámssjóði hófst á árinu.

Annars er eðli málaflokksins með þeim hætti að markmið og aðgerðir í málaflokki 20.1 Framhaldsskólar eru að hluta til leiðandi fyrir málaflokkinn.

Jöfnun námskostnaðar

Undir málaflokkinn falla lög um námsstyrki nr. 79/2003. Námsstyrkir eru veittir til að jafna fjárhagslegan aðstöðumun nemenda í framhaldsskólum að því leyti sem búseta veldur þeim misþungum fjárhagsbyrðum eða efnaleysi torveldar þeim nám. Áhersla er lögð á jafnt aðgengi að námi óháð búsetu og öðrum aðstæðum.

Eðli málaflokksins er með þeim hætti að markmið og aðgerðir í málaflokki 20.1 Framhaldsskólar eru að hluta til leiðandi fyrir málaflokkinn.

Háskólastig Málefna svið 21

Háskólar

Í fjárlögum ársins 2018 voru skilgreind þrjú markmið fyrir málaflokk 21.1 Háskólar. Eftirfarandi markmið málaflokksins miða að því að efla gæði í starfsemi háskóla, rannsóknarstofnana og þekkingarsetra.

1. Auka gæði í starfsemi háskóla, rannsóknarstofnana og þekkingarsetra.
2. Efla samstarf háskóla og tengsl við önnur skólastig, atvinnulíf og samfélag.
3. Bæta nýliðun kennara í leik-, grunn- og framhaldsskólum.

MARKMIÐ 1

Auka gæði í starfsemi háskóla, rannsóknarstofnana og þekkingarsetra

Mælikvarðar	Staða 2016	Viðmið 2018	Árangur 2018
Fjöldi ársnemenda á hvert ársverk akademískra starfsmanna (fastráðinna og stundakennara), eftir skólum.	2015: 11,7 ársverk að meðaltali, skólar á bilinu 3,8-17	<15 hjá einstökum stofnunum	Nýir mælikvarðar skilgreindir.*
Meðalfjöldi birtinga í ISI tímaritum á hvert ársverk akademískra starfsmanna.	2016: 1,1	1,2	Nýir mælikvarðar skilgreindir.*

* Sérstakur starfshópur var stofnaður um mælikvarða í háskóla- og vísindastarfi, með aðkomu háskóla, og skilgreindi hann nýja og endurbætta mælikvarða.

Aðgerðir 2018	Framkvæmt 2018	Tímabil
Endurskoða reglur nr. 646/1999 um fjárveitingar til háskóla. Starfshópur verður stofnaður til að endurskoða reiknilíkan háskóla með það fyrir augum að styðja betur við gæði í háskólastarfi, sbr. aðgerð 5 í stefnu og aðgerðaáætlun Vísinda- og tækniráðs 2017-2019. Tillögur starfshópsins munu liggja fyrir 2018 og breytingar á reiknilíkani verða innleiddar í þrepum fyrir árin 2019-2022. Áætlun um þróun fjárframlaga sem kynnt er í fylgiriti með fjárlögum 2018 er sett fram með fyrirvara um þetta.	Unnið að stöðumati og tillögum um fjárveitingar til háskóla. Hún er grunnur að samráði við hagsmunaaðila sem mun fara fram á árinu 2019.	2017-2018
Endurskoða lög um háskóla nr. 63/2006 og lög um opinbera háskóla nr. 85/2008, m.a. vegna laga um opinber fjármál nr. 123/2015. Við endurskoðunina verður horft til viðameiri breytinga er tengjast stjórnskipulagi og stefnumótun háskóla til næstu ára.	Aðgerð frestað.	2017-2019
Efla íslenska háskóla með auknum fjárframlögum til rannsókna til að auka vísindastarf og styrkja alþjóðlega samkeppnishæfni háskólanna.	Á árinu 2018 voru fjárframlög sérmerkt rannsóknarstarfsemi aukin um 844,5 m.kr.	2017-2022

█ Aðgerð ekki hafin
 █ Undirbúningur hafinn
 █ Aðgerð hafin
 █ Aðgerð komin vel á veg
 █ Aðgerð lokið

MARKMIÐ 2

Efla samstarf háskóla og tengsl við önnur skólastig, atvinnulíf og samfélag




Mælikvarðar	Staða 2016	Viðmið 2018	Árangur 2018
Hlutfall brautskráninga úr verk-, tækni- og raungreinum af heildarfjölda brautskráninga af bakkalár- og meistarastigi.	2015: 15,7%	16%	Nýir mælikvarðar skilgreindir.*
Hlutfall umsókna, af heildarfjölda umsókna, um rannsóknarstyrki í opinbera samkeppnissjóði með aðkomu a) tveggja eða fleiri innlendra skóla eða b) innlendra háskóla og stofnana eða fyrirtækja.	Upplýsingar liggja ekki fyrir	Fer eftir stöðu 2017	Nýir mælikvarðar skilgreindir.*

* Starfshópur var stofnaður um mælikvarða í háskóla- og vísindastarfi, með aðkomu háskóla, og skilgreindi hann nýja og endurbætta mælikvarða.

Aðgerðir 2018

Framkvæmt 2018

Tímabil

Efla rannsóknir í listum og skapandi greinum með auknum fjárframlögum til rannsókna við Listaháskóla Íslands til að stuðla að sókn hans í samkeppnissjóði.	 LHÍ var veitt sérstakt 40 m.kr. fjárframlag til rannsókna í listum.	2018
Gera úttekt á lögreglunámi á háskólastigi í því skyni að efla starfsnám, sbr. stjórnarsáttmála. Námið var fært á háskólastig 2016 og er markmið úttektarinnar að kanna hvort námið standist faglegar kröfur til háskólanáms í lögreglufræðum.	 Undirbúningur hafinn.	2017-2019
Vinna þróunarverkefni um fagháskólanám. Háskólar nýti framlag til tilraunaverkefna um stuttar námsleiðir með atvinnutengd lokamarkmið, í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins. Niðurstöður úr þróunarverkefninu munu nýtast til að kanna fýsileika fagháskólanáms. Þessari vinnu er ætlað að efla verk- og starfsnám í samræmi við stjórnarsáttmála.	 Unnið að tilrauna- verkefnum á vettvangi háskóla.	2017-2019

 Aðgerð ekki hafin  Undirbúningur hafinn  Aðgerð hafin  Aðgerð komin vel á veg  Aðgerð lokið

MARKMIÐ 3

Bæta nýliðun kennara í leik-, grunn- og framhaldsskólum

Mælikvarðar	Staða 2016	Viðmið 2018	Árangur 2018
Kyngreindur fjöldi nýnema í kennaranámi á meistarastigi.	Upplýsingar lágu ekki fyrir	Fer eftir stöðu 2017	208 nýnemar
Kyngreint hlutfall kennara yngri en 40 ára af heildarfjölda kennara á hverju skólastigi.	2016: 30% á leikskólastigi, 28% á grunnskólastigi og 24% á framhaldsskólastigi	33% á leikskólastigi, 30% á grunnskólastigi og 28% á framhaldsskólastigi	Horfið frá mælikvarða*

* Starfshópur var stofnaður um mælikvarða í háskóla- og vísindastarfi, með aðkomu háskóla, og skilgreindi hann nýja og endurbætta mælikvarða.

Aðgerð 2018	Framkvæmt 2018	Tímabil
Starfshópur MRN vinnur, í samráði við hagsmunaaðila, að aðgerðaáætlun um nýliðun kennara til framtíðar og er áformað að hún liggja fyrir um mitt ár 2018. Í framhaldi hefst vinna við breytingar á lögum um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda nr. 87/2008 og reglugerð um inntak menntunar leik-, grunn- og framhaldsskólakennara. Er þetta liður í því að bregðast við kennaraskorti í samræmi við stjórnarsáttmála.	Skipuð var verkefnastjórn helstu hagsmunaaðila sem vann tillögur að því að fjölga kennurum og bregðast við brotthvarfi þeirra á fyrstu árum úr starfi. Settur var á fót samráðshópur ráðherra til að undirbúa frumvarp um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda. Samhliða var undirbúin vinna við reglugerð um inntak kennaramenntunar og fleira.	2018-2019

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

Rannsóknarstarfsemi á háskólastigi

Á árinu 2018 var starfsemi í málaflokknum ætlað að stuðla að grunn-, nytja- og þjónusturannsóknunum og miðlun þekkingar á rannsóknarsviðum stofnana sem heyrðu undir málaflokkinn. Henni var einnig ætlað að efla rannsóknarstarfsemi um allt land og tengsl stofnana við nærumhverfi og atvinnulíf.

Í fjárlögum ársins 2018 var skilgreint eitt markmið fyrir málaflokk 21.2 *Rannsóknarstarfsemi á háskólastigi*. Eftirfarandi markmið málaflokksins miðar að því að efla gæði í starfsemi háskóla, rannsóknarstofnana og þekkingarsetra.

1. Efla tengsl þekkingarsetra á landsbyggðinni við háskóla og rannsóknarstofnanir, staðbundið atvinnulíf og samfélag.

MARKMIÐ 1

Efla tengsl þekkingarsetra á landsbyggðinni við háskóla og rannsóknarstofnanir, staðbundið atvinnulíf og samfélag

Mælikvarðar	Staða 2016	Viðmið 2018	Árangur 2018
Fjöldi samstarfssamninga þriggja eða fleiri aðila (þekkingarsetra, háskóla/rannsóknarstofnana og fyrirtækja) eftir landshlutum.	Upplýsingar liggja ekki fyrir	Fer eftir stöðu 2017	Horfið frá mælikvarða*

* Á árinu 2018 var ákveðið að sameina málaflokka 21.1 Háskólar og 21.2 Rannsóknarstarfsemi á háskólastigi og um leið horfið frá notkun mælikvarðans.

Aðgerð 2018	Framkvæmt 2018	Tímabil
Kortleggja starfsemi rannsóknar-, fræða- og þekkingarsetra og í kjölfarið móta stefnu um starfsemi þeirra í samráði við setrin, nærsamfélag þeirra og háskóla.	Gagnaöflun hófst.	2018-2019

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

Stuðningur við námsmenn

Meginverkefni málaflokksins er fjárhagslegur stuðningur við námsmenn. Undir málaflökkinn falla lög um Lánasjóð íslenskra námsmanna nr. 21/1992 (LÍN) og er megingilgangur þeirra að tryggja tækifæri til náms óháð efnahag.

Í fjárlögum ársins 2018 voru skilgreind þrjú meginmarkmið fyrir málaflökk 21.3 *Stuðningur við námsmenn*. Þau miða að því að aðgengi að námi sé jafnt, óháð búsetu og öðrum aðstæðum. Stefnt er að því að skoða kosti þess að nýta námslánakerfið sem hvata fyrir fólk til að setjast að í dreifðari byggðum.

1. Jafnari og gagnsærri dreifing á framlagi ríkisins til nemenda.
2. Hækka námsaðstoð að framfærsluviðmiði.
3. Bætt námsframvinda nemenda í háskólum.

Annars er eðli málaflokksins með þeim hætti að markmið og aðgerðir í málaflökki 21.1 Háskólar eru að hluta til leiðandi fyrir málaflökkinn.

Aðgerð 2018	Framkvæmt 2018	Tímabil
Ráðist verður í endurskoðun námslánakerfisins, í samstarfi við námsmannahreyfingarnar, þar sem lögð verður áhersla á jafnrétti til náms, skilvirkni og námsstyrkjakerfi að norrænni fyrirmynd, í samræmi við stjórnarsáttmála.	Stofnaður starfshópur hagsmunaaðila og haghafa sem á að koma með tillögur að nýju námslánakerfi. Úthlutunarreglur fyrir skólaárið 2018-2019 samþykktar þar sem framfærslugrunnur og barnalán voru hækkuð. Námsmenn, sem njóta alþjóðlegrar verndar eða hafa dvalarleyfi á Íslandi vegna mannúðarsjónarmiða, fengu rétt á námslánum. Stofnaður starfshópur um lánakjör LÍN.	2018-2019

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

Önnur skólastig og stjórnsýsla mennta- og menningarmála Málefnasvið 21

Leikskóla- og grunnskólastig

Í fjárlögum ársins 2018 voru skilgreind þrjú markmið fyrir málaflokk 22.1 *Leikskóla- og grunnskólastig*. Eftirfarandi markmið málaflokksins miða að því að skapa umhverfi fyrir eflingu leikskóla- og grunnskólastigs, leggja grunn að þátttöku leik- og grunnskólanemenda í lýðræðissamfélagi og veita þeim viðeigandi undirbúning og fjölbreytt tækifæri fyrir frekara nám.

1. Fleiri grunnskólanemendur hafi við lok grunnskóla náð lágmarksviðmiðum í lestri.
2. Auka gæði menntunar í leikskólum og grunnskólum.
3. Efla gerð og útgáfu námsgagna fyrir nemendur á skólaskyldualdri.

MARKMIÐ 1

Fleiri grunnskólanemendur hafi við lok grunnskóla náð lágmarksviðmiðum í lestri

Mælikvarðar	Staða	Viðmið 2018	Árangur 2018
PISA-rannsókn í lesskilningi, hlutfall sem nær 2. stigi eða hærra, greint eftir kynjum.	2015: 78%; 71% drengja og 84% stúlkna	83%; 75% drengja og 90% stúlkna	Niðurstöður PISA 2018 liggja fyrir í desember 2019.
PISA-rannsókn í lesskilningi, hlutfall nemenda af erlendum uppruna sem nær 2. stigi eða hærra.	2015: 39%	Hlutfall nemenda af erlendum uppruna sem náði 2. stigi eða hærra náí meðaltali OECD.	Niðurstöður PISA 2018 liggja fyrir í desember 2019.
Hlutfall nemenda sem nær að lágmarki B í samræmdum könnunarprófum í 9./10. bekk; í íslensku, stærðfræði og ensku.	2016: 58,2% í íslensku, 58,3% í stærðfræði og 62,9% í ensku.	60% í íslensku og stærðfræði, 64% í ensku	Vegna mistaka við framkvæmd prófanna vorið 2018 voru upplýsingar ekki birtar.

Aðgerðir 2018	Framkvæmt 2018	Tímabil
Breyta inntaki samræmdra könnunarprófa til samræmis við áherslur aðalnámskrár.	Starfshópur var skipaður til að endurskoða framtíðarfyrirkomulag samræmdra könnunarprófa og vann á árinu að skýrslu með tillögum um framtíðarfyrirkomulag.	2015-2018
Útbúa samræmdan leiðarvísi fyrir móður-málskenndu á leikskóla- og grunnskólastigi í samræmi við framkvæmdaáætlun.	Leiðarvísir unninn í samvinnu við hagsmunaaðila.	2017-2018

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

MARKMIÐ 2

Auka gæði menntunar í leikskólum og grunnskólum

Mælikvarðar	Staða 2016	Viðmið 2018	Árangur 2018
Hlutfall grunnskóla þar sem nemendur hafa aðgang að þjónustu náms- og starfsráðgjafa.	2014: 67%	75%	71%
Hlutfall kennara í leik- og grunnskólum af starfsfólki við kennslu og umönnun.	2016: 32% í leikskólum og 94,6% í grunnskólum	35% í leikskólum og 97% í grunnskólum	2017: 27% í leikskólum og 91,4% í grunnskólum

Aðgerðir 2018	Framkvæmt 2018	Tímabil
Vinna samkvæmt aðgerðaáætlun um eftirfylgni úttektar á menntun án aðgreiningar í samvinnu við stýrihóp, með fulltrúum þriggja ráðuneyta og öllum helstu hagsmunaaðilum skólasamfélagsins, að þeim aðgerðum sem áætlaðar eru á árinu 2018. Á árinu 2018 verður m.a. lögð áhersla á að kortleggja verkefni á leik- og grunnskólastigi og fjármögnun þeirra.	Viljayfirlýsing samstarfsaðila um eftirfylgni úttektarinnar var endurnýjuð í byrjun árs og bættust við fleiri samstarfsaðilar sem mynda stýrihóp verkefnisins. Haldnir voru 33 fundir um land allt undir yfirskriftinni menntun fyrir alla með hagsmunaaðilum og haghöfum. Kortlagning á fjármögnun menntakerfisins var undirbúin í samvinnu aðila og Evrópumíðstöðvar.	2017-2020
Gera úttekt á gæðum og umfangi þjónustu náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum. Áætlað er að niðurstöður liggi fyrir haustið 2018 og á grunni þeirra verður ákveðið hvernig brugðist verður við.	Úttekt var gerð.	2017-2020
Kynna og innleiða viðmið um gæði frístundastarfs fyrir yngri grunnskólanemendur, sem unnin voru á árinu 2017, í samvinnu við sveitarfélög þannig að kynning og innleiðing nái til allra hagsmunaaðila.	Viðmiðin voru gefin út. Auk þess voru haldnir kynningarfundir um land allt í samstarfi við skólaþjónustu sveitarfélaga.	2017-2018

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

MARKMIÐ 3

Efla gerð og útgáfu námsgagna fyrir nemendur á skólaskyldualdri

Mælikvarðar	Staða 2016	Viðmið 2018	Árangur 2018
Framboð af námsgögnum fyrir nemendur sem nota táknmál.	5 titlar	24 titlar	8 titlar*
Hlutfall prentaðs og útgefins námsefnis sem er í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla 2011 og 2013, þar með talið stafræn námsgögn.	31%	45%	45%

* Ástæða þess að fleiri titlar voru ekki þýddir en raun ber vitni er fyrst og fremst sú að skortur er á þýðendum og táknum.

Aðgerðir 2018	Framkvæmt 2018	Tímabil
Sérstök áhersla verður á eflingu útgáfu námsgagna fyrir nemendur sem nota táknmál, í samvinnu við Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra.	Unnið viðmót sem gerir það að verkum að heyrnarlausir geta lesið texta, skoðað myndir og fylgst með upplestri á táknmáli. Fyrsti titill var gefinn út í viðmótinu.	2017-2022
Fjölga námsgögnum sem eru gefin út í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla 2011 og 2013.	Unnið áfram að útgáfu námsefnis í samræmi við aðalnámskrá.	2017-2022

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

Framhaldsfræðsla og menntun óflokkuð á skólastig

Í fjárlögum ársins 2018 var skilgreint eitt markmið fyrir málaflokk 22.2 Framhaldsfræðsla og menntun óflokkuð á skólastig. Eftirfarandi markmið málaflokksins miðar að því að skapa umhverfi fyrir eflingu framhaldsfræðslu, leggja grundvöll að þátttöku fólks í fullorðinsfræðslu í lýðræðissamfélagi og veita því viðeigandi undirbúning og fjölbreytt tækifæri fyrir frekara nám eða störf á vinnumarkaði.

1. Auðvelda einstaklingum sem ekki hafa lokið formlegu námi eftir grunnskóla, að afla sér viðurkenndrar menntunar/starfsréttinda.

MARKMIÐ 1

Auðvelda einstaklingum sem ekki hafa lokið formlegu námi eftir grunnskóla, að afla sér viðurkenndrar menntunar/starfsréttinda

Mælikvarðar	Staða	Viðmið 2018	Árangur 2018
Hlutfall fólks sem hefur ekki lokið formlegu námi umfram grunnmenntun á aldrinum 25-64 ára.	2015: 25%	<23%	2017: 20%
Fjöldi nemenda í námsleiðum sem kenndar eru skv. vottaðri námskrá.	2016: 2.316	2.400	Horfið frá notkun mælikvarða*
Fjöldi einstaklinga sem fer í raunfærnimat.	2015: 450	500	Horfið frá notkun mælikvarða*

* Mælikvarði var endurskilgreindur þannig að hann mæli betur árangur af markmiðasetningu.

Aðgerð 2018	Framkvæmt 2018	Tímabil
Endurskoðað lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010, m.a. í því skyni að setja skýran ramma um starfsemi fræðsluaðila og samstarf við atvinnulífið, sbr. stjórnarsáttmála. Áætlað er að drög að frumvarpi um fullorðinsfræðslu liggja fyrir á árinu 2018.	Unnið var að endurskoðun laganna í víðtæku samráði við hagsmunaaðila. Fundað var í tvígang með samráðshópi um nám fullorðinna, farið í vettvangsferðir og unnið með afmörkuð viðfangsefni og álitamál í minni hópum. Fyrir liggja tillögur sem nýtast við frumvarpsvinnu.	2018-2021

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

Stjórnsýsla mennta- og menningarmála

Stjórnarmálefni mennta- og menningarmálaráðuneytisins skiptast milli 16 mála-flokka. Kveðið er á um heimildir og skyldur ráðherra í almennum lögum og 45 sérlægum. Í fjárlögum ársins 2018 voru skilgreind tvö markmið fyrir málaflökk 22.3 Stjórnsýsla mennta- og menningarmála.

1. Efla stefnumótun á grundvelli góðra gagna og samráðs við hagsmunaaðila.
2. Koma á innra eftirliti í ráðuneytinu.

MARKMIÐ 1

Efla stefnumótun á grundvelli góðra gagna og samráðs við hagsmunaaðila

Mælikvarðar	Staða	Viðmið 2018	Árangur 2018
Hlutfall tölulegra upplýsinga um málefna svið ráðuneytisins sem er aðgengilegt almenningi á veflægu, gagnvirku formi.	0%	60%	Unnið að skilgreiningu lykiltalna

Aðgerð 2018	Framkvæmt 2018	Tímabil
Endurskipuleggja greiningarvinnu ráðuneytisins og tryggja aðgengi að áreiðanlegum gögnum.	Endurskipulagning tölfraeðigagna í vinnslu.	2018-2022

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

MARKMIÐ 2

Koma á innra eftirliti í ráðuneytinu

Mælikvarðar	Staða	Viðmið 2018	Árangur 2018
Fjöldi innri úttekta.	0	3	2

Aðgerðir 2018	Framkvæmt 2018	Tímabil
Gerðar verða sex innra eftirlits úttektir og unnið að umbótum í samræmi við niðurstöður.	Unnið var að þremur innri eftirlits úttektum og var tveimur formlega lokið.	2018-2022

Unnið verður að reglugerð um starfsemi Menntamálastofnunar.	Vinna við reglugerð langt komin.	2018
---	----------------------------------	------

Lagarammi um starfsemi Rannís verður endurskoðaður.	Aðgerð frestað.	2018
---	-----------------	------

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

Yfirlit yfir ráðstöfun varasjóða

Varasjóðir málaflokka eru hugsaðir til þess að bregðast við ófyrirséðum útgjöldum og rekstrarvanda á einstökum liðum innan viðkomandi málaflokks. Fjárveiting í varasjóð fyrir hvern málaflokk skal nema að hámarki 2% af heildarfjárheimildum. Ráðuneytið var á árinu 2018 með níu varasjóði og fylgjandi er yfirlit yfir stöðu þeirra í árslok ásamt skýringum á ráðstöfun úr þeim sjóðum sem greitt var úr að gefnu tilefni; þ.e. 18.1 *Safnamál*, 18.2 *Menningarstofnanir*, 21.1 *Háskólar* og 21.2 *Rannsóknarstarfsemi á háskólastigi*. Í upphafi árs voru alls 493 m.kr. í varasjóðunum og á árinu voru nýttar 97,4 m.kr. þannig að árslokastaða varasjóða var 395,6 m.kr.

7.10 Nýsköpun og samkeppnissjóðir í rannsóknnum

	Fjárhæð
Staða varasjóðs í upphafi árs	50,1
Ráðstöfun	0
Staða varasjóðs í lok árs	50,1

18.1 Safnamál

	Fjárhæð
Staða varasjóðs í upphafi árs	17,3
02-909 Hljóðbókasafn Íslands	5,0
02-906 Listasafn Einars Jónssonar	7,0
Staða varasjóðs í lok árs	5,3

Hljóðbókasafn Íslands fékk 5 m.kr. framlag úr varasjóði vegna rekstrarvanda. Safnið varð fyrir ófyrirséðum kostnaði vegna uppsetningar smáforrits fyrir snjallsíma sem safnið komst ekki hjá því að innleiða.

Listasafn Einars Jónssonar fékk 7 m.kr. framlag úr varasjóði vegna rekstrarvanda. Vegna smæðar safnsins geta minnstu frávik í rekstri haft hlutfallslega mikil áhrif.

18.2 Menningarstofnanir

	Fjárhæð
Staða varasjóðs í upphafi árs	32,6
02-915 Minjastofnun Íslands	5,0
Staða varasjóðs í lok árs	27,6

Minjastofnun Íslands fékk 5 m.kr. framlag úr varasjóði. Framlagið var til að auðvelda stofnuninni að tryggja skil á rannsóknargögnum og forngripum, og áfanga- og lokaskýrslum fornleifarannsókna.

18.3 Menningarsjóðir

	Fjárhæð
Staða varasjóðs í upphafi árs	24,7
Ráðstöfun	0
Staða varasjóðs í lok árs	24,7

18.4 Íþrótt- og æskulýðsmál

	Fjárhæð
Staða varasjóðs í upphafi árs	6,4
Ráðstöfun	0
Staða varasjóðs í lok árs	6,4

Fjárhæðir í milljónum króna

21.1 Háskólar **Fjárhæð**

Staða varasjóðs í upphafi árs	190,5
02-217 Hólaskóli -Háskólinn á Hólum	65,0
02-225 Háskólinn á Bifröst	10,0
Staða varasjóðs í lok árs	115,5

Hólaskóli - Háskólinn á Hólum fékk 65 m.kr. framlag úr varasjóði vegna rekstrarvanda. Sértekjur skólans á árinu 2018 voru langt undir áætlunum. Smæð skólans og hátt sértekjuhlutfall gerir reksturinn viðkvæman. Skólinn vinnur nú eftir aðgerðaáætlun sem miðar að því að ná fram rekstrarhagræðingu.

Háskólinn á Bifröst fékk 10 m.kr. framlag úr varasjóði vegna innleiðingar á nemendakerfinu UGLU í samstarfi við Háskóla Íslands.

21.2 Rannsóknastarfsemi á háskólastigi **Fjárhæð**

Staða varasjóðs í upphafi árs	22,5
02-202 Tilraunastöð HÍ að Keldum	5,4
Staða varasjóðs í lok árs	17,1

Tilraunastöð HÍ í meinafræði að Keldum fékk 5,4 m.kr. framlag úr varasjóði vegna ófyrirséðs kostnaðar vegna nýrnaveiki í eldisfiskum í fiskeldisstöðvum. Uppkoma veikinnar kallaði á miklar sýnatökur sem unnar voru af starfsfólki Keldna.

20.1 Framhaldsskólar **Fjárhæð**

Staða varasjóðs í upphafi árs	135,0
Ráðstöfun	0
Staða varasjóðs í lok árs	135,0

22.3 Stjórnýsla mennta- og menningarmála **Fjárhæð**

Staða varasjóðs í upphafi árs	13,9
Ráðstöfun	0
Staða varasjóðs í lok árs	13,9

Fjárhæðir í milljónum króna

Frávikagreining og yfirlit yfir árslokastöðu ríkisaðila

Alls voru 110 fjárlagaliðir á ábyrgð ráðuneytisins fjárlagaárið 2018. Þar af voru 52 stofnanir en aðrir fjárlagaliðir, s.s. sjóðir, safnliðir og varasjóðir voru 58. Verkefni þeirra liða skiptast á 16 málaflokka á sex málefnasviðum.


Í eftirfarandi umfjöllun er gerð nánari grein fyrir frávikum einstakra liða eftir því sem ástæða er til. Myndirnar sýna stöðu fjárlagaliða í lok árs, grænu súlurnar sýna afgang (þrátt fyrir að tölurnar séu í mínus) og rauðu súlurnar sýna halla af rekstri. Tölurnar eru í m.kr. Ef frávik er innan 4% af rekstri þá er yfirleitt ekki talin ástæða til sérstakra skýringa því ýmsar eðlilegar ástæður geta verið á fráviki af slíkri stærðargráðu. Hafa verður í huga að tölur sem gefnar eru upp í krónum gefa ekki endilega rétta mynd af stöðu liðanna vegna þess að reksturinn er mjög mismunandi að umfangi.

Uppsöfnuð frávik frá áætlun Ríkisaðilar og verkefni í málaflokknum 7.1 Vísindi og samkeppnissjóðir í rannsóknum



Í málaflokki 7.1 Vísindi og samkeppnissjóðir í rannsóknum tilheyra alls fjórir útgreiðsluliðir ráðuneytinu auk varasjóðs. Afgangi og halla á þessum liðum verður að taka með fyrirvara þar sem sjóðirnir velta fjármunum milli ára og framlög og gjöld dreifast ekki jafnt innan ársins. Markáætlun á sviði vísinda og tækni er sjóður sem fjármagnaður er af ríkissjóði en úthlutað er úr honum á þriggja ára fresti og þess vegna var afgangur af honum í lok ársins 2018. Hallinn á rammaáætlunum er tilkominn vegna gengisþróunar innan ársins.

Uppsöfnuð frávik frá áætlun Ríkisaðilar og verkefni á málefnasviði 18 Menning, listir, íþróttar- og æskulýðsmál




Málefnasviði 18 Menning, listir, íþróttar- og æskulýðsmál tilheyra alls 13 stofnanir, 16 útgreiðsluliðir og fjórir varasjóðir eða alls 33 liðir. Varasjóður fyrir alla mála-flokka er hýstur á þessu málefnasviði þótt greiðslur renni til verkefna í öðrum málaflokkum og málefnasviðum. Á öllum liðum nema fjórum er afgangur eftir árið.

Uppsöfnuð frávik frá áætlun Ríkisaðilar og verkefni á málefnasviði 19 Fjölmiðlun

-2,3 | 02961 Fjölmiðlanefnd


Málefnasviði 19 Fjölmiðlar tilheyra tvær stofnanir, Ríkisútvarpið ohf. og fjölmiðla-nefnd. Á myndinni kemur Ríkisútvarpið ekki fram þar sem liðurinn er á núlli þar sem bókhald Ríkisútvarpsins ohf. fer ekki í gegnum Fjársýslu ríkisins, aðeins er um útgreiðslu framlags að ræða.

Uppsöfnuð frávík frá áætlun Ríkisaðilar og verkefni á málefnasviði 20 Framhaldsskólastig




Málefnasviði 20 Framhaldsskólastig tilheyra 27 stofnanir og 12 útgreiðsluliðir eða samtals 39 liðir. Á málefnasviðinu eru 27 opinberir framhaldsskólar og er rekstur þeirra flestra í góðu jafnvægi, í heildina skilar málefnasviðið afgangi. Framhaldsskólar hafa um árabíl búið við erfið rekstrarskilyrði en með breytingum á rekstrarumhverfi þeirra og styttingu náms til stúdentsprófs hafa sumir þeirra safnað rekstrarafgangi meðan skólarnir laga sig að breyttu umhverfi. Ekki má búast við að þessi staða verði viðvarandi. Unnið er að innleiðingu nýs reiknilíkans framhaldsskólanna sem tryggja mun aukið jafnræði milli skólanna og sem réttasta fjármögnum samkvæmt áætlunum. Ráðgert er að innleiðingu þess ljúki árið 2021.

Uppsöfnuð frávík frá áætlun Ríkisaðilar og verkefni á málefnasviði 21 Háskólastig



Málefnasviði 21 Háskólar tilheyra sjö stofnanir og sjö útgreiðsluliðir, alls 14 liðir. Vegna breytinga á framsetningu fjárfestingaframlaga hefur myndast skekkja sem hefur áhrif á rekstrarniðurstöðu Háskóla Íslands. Færa þarf ríflega 1 mia.kr. af uppsafnaðri stöðu rekstrarfjárveitinga skólans yfir á fjárfestingaframlag og mun því uppsöfnuð staða verða ríflega 400 m.kr. Þá var fjármagnspörf til Lánasjóðs íslenskra námsmanna ofmetin.

Uppsöfnuð frávík frá áætlun Ríkisaðilar og verkefni á málefnasviði 22 Önnur skólastig og stjórnarsýsla mennta- og menningarmála



Fjárhæðir í milljónum króna

Málefnasviði 22 Önnur skólastig og stjórnarsýsla mennta- og menningarmála tilheyra 3 stofnanir, aðalskrifstofa ráðuneytisins og 11 útgreiðsluliðir.



Stjórnarráð Íslands
Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Ársskýrsla mennta- og menningarmálaráðherra

Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Sölvhólsgötu 4 - 101 Reykjavík
545 9500 | mrn@mrn.is

Júlí 2019

Ábyrgðarmaður: Lilja Alfreðsdóttir
Umsjón: Mennta- og menningarmálaráðuneytið

@ 2019 – Mennta- og menningarmálaráðuneytið

stjornarradid.is

Ársskýrsla mennta- og
menningarmálaráðherra
2018